

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 10. október 2005, kl 17:15.

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Helga Björk Ólafsdóttir, Andrea Atladóttir, Ólafur Elísson, Þorsteinn Finnbogason, Ólafur Týr Guðjónsson, Bjarni Kristjánsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

1. Skólastarfið frá síðasta fundi og það helsta framundan:

Skólameistari minntist fyrst á nokkra fundi er hann hafði sótt. Fund í MRN vegna úttektarskýrslu ásamt formanni skólanefndar og aðst.skólameistara, fund í Fjöltækni-skólanum um vélstjórnarnám, þar sem kynnt var vottun á slíku námi og fund í Höllinni um vaxtarsamning Suðurlands, sem væntanlega mun taka á samstarfi skólans við skólann á Hvolsvelli.

Skólameistari rakti einnig nýjar leiðir sem verið er að reyna til að bæta skólasókn nemenda og beita marvissari úrræðum gagnvart þeim sem skrópa. Til að annast þetta verk hefur Björgvin Eyjólfsson verið ráðinn sem verkefnastjóri. Sérstakur fundur um vinnubrögð, skólasókn og umgengni var haldinn með öllum 1. árs nemum 26. sept. Drög að próftöflu eru tilbúin og 30 tonna skipstjórnarnámskeið (11 þátttakendur) er langt komið. Fjárlagafrumvarp næsta árs skammtar skólanum tæpar 146 milljónir, sem er 10 milljónum meira en á yfirstandandi ári., það er um það bil launa og verðlagshækkun milli ára.

2. Breytingar á starfslíði skólans.

Lagður var fram listi yfir þá kennara sem ráðnir hafa verið verkefnastjórar í vetur. Tveir starfsmenn hafa sagt upp. Lóa Skarphéðinsdóttir umsjónarmaður sjúkraliðabrautar og skólahjúkrunarfræðingur hættir af persónulegum ástæðum og varð að samkomulagi að Steinunn Jónatansdóttir tæki við hennar störfum 1. október, en hún er að koma úr barneignaleyfi. Rut Haraldsdóttir fjármálastjóri hefur sagt sínu starfi lausu frá 1. okt. þar sem hún flytur sig á annan vinnustað. Hún mun starfa með okkur fram að áramótum og koma nýrri manneskju inn í starfið.

3. Skýrsla um mat á skólastarfi í Vestmannaeyjum.

Umræðu um þessa skýrslu var fram haldið frá síðasta fundi. Formaður skólanefndar og skólameistari skýrðu frá fundi sem þeir sátu með ráðuneytismönnum 15. sept sl, en niðurstaðan þar varð sú að skólinn nýtti tækifærið og setti saman nk. umbótaáætlun sem síðan yrði yfirfarin að ári liðnu. Einnig kom fram að skýrslan hefur verið rædd á tveimur kennarafundum. Meðal þess sem rætt hefur verið á fundum kennara, stjórnenda og á fundum skólanefndar og erindi á í umbótaáætlunina eru eftirfarandi atriði:

- Að yfirfara skólanámskrá og gera hana sýnilegri.
- Að ljúka sjálfsmati og gefa út sjálfsmatsskýrslu.
- Að efla þátttöku nemenda í stefnumótun og ímyndarvinnu.
- Að vinna að bættum kennsluháttum, með umræðu og námskeiðum.
- Að efla gæðastarf, upplýsingastreymi, kennslubúnað og innra net skólans.
- Að koma á fót foreldrafélagi og auka samstarf við foreldra yngri nemenda.
- Að efla samskipti við aðra skóla og milli skólastiga.
- Að kynna og gera sýnilegri þá mörgu jákvæðu hluti sem gerast í skólanum.
- Að hressa uppá og endurbæta heimasíðu skólans.
- Að auka virðingu nemenda og annara fyrir skólanum.

4. Önnur mál.

A) Jón G. Valgeirsson og Ólafur Elísson sögðu frá fræðslufundi fyrir skólanefndarmenn, sem haldinn var á vegum MRN 7. okt. Fóru þeir yfir það helsta sem fram kom og töldu einnig mjög gagnlegt að hitta skólanefndarfólk annarsstaðar frá, þó tími til að ræða við aðra hefði mátt vera lengri. Í heildina töldu þeir þetta gott framtak af hálfu ráðuneytisins.

B) Spurt var um stöðu náms í viðburðastjórnun. Í svari skólameistara kom fram að málið er í biðstöðu eins og er vegna óvissu um hvort af verklegu kennslunni geti orðið, en hún átti að vera í samvinnu við Háskólan í Reykjavík. Sú vinna sem lögð hefur verið í verkefnið, nýtist væntanlega seinna, því eftir stendur vilyrði ráðuneytis um að við getum boðið uppá félags og tólmstundabraut með áherslu á viðburðastjórnun.

.
Næsti fundur ákveðinn mánudag 14. nóvember
.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 18:50
Ólafur H. Sigurjónsson.